

FUNDARGERÐ

Árið 2016, föstudaginn 26. ágúst kl. 12:30 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Tómhúsi á 4. hæð í innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásgerður Gylfadóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Karen E. Halldórsdóttir, Sigríður Huld Jónsdóttir og Valdimar O. Hermannsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurjónssyni, Guðna Geir Einarssyni, Tinnu Dahl Christiansen og Elínu Gunnarsdóttur, sem ritaði fundargerð.

Nefndarmaðurinn Bjarni Jónsson var fjarverandi.

Að auki sátu fundinn Tryggvi Þórhallsson og Guðjón Bragason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þegar fjallað var um framlög vegna sérstakra verkefna í tengslum við Fjölís og Guðjón þegar fjallað var um framlög til eflingar tónlistarfræðslu í tengslum við drög að nýjum reglum.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð 24. júní 2016

Lögð fram fundargerð frá 24. júní 2016 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðin samþykkt án athugasemda og undirrituð.

2. Sameiningar sveitarfélaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt áður framlögðum reglum nr. 295/2003 og bréfi innanríkisráðuneytisins dags. 20. apríl 2016, þar sem lagt var til að viðmiðunarfjárhæðir í vinnureglum sjóðsins yrðu endurskoðaðar. Nýjar endurskoðaðar vinnureglur voru lagðar fram, sem ráðherra hafði samþykkt þann 18. júlí 2016.

Nefndin ræddi nú nokkur sjónarmið varðandi styrkingu sveitarstjórnarstigsins og hvernig taka mætti tillit til þeirra við endurskoðun á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga nr. 295/2003. Ítrekuðu nefndarmenn nauðsyn þess að endurskoða reglurnar í heild sinni á næstu misserum en nokkur sveitarfélög væru að skoða mögulegar sameiningar. Farið var yfir hugsanlegar breytingar á reglunum og m.a. nefnt hvort ekki þyrfti að setja vinnureglur í tengslum við f lið í 1. gr. Ábendingar frá sameinuðum sveitarfélögum fjalli m.a. um hvort nauðsyn væri á að lengja í sérstaka framlaginu í e lið 1. gr. Rætt var um að unnið verði með starfsmanni Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga vegna 2. gr. reglnanna og að skoðað verði hvort setja eigi hámark á skuldajöfnunarframlagið. Skoða frekar hvort ekki megi taka út þætti í a lið í 3. gr. reglnanna.

3. Framlög vegna fjárhagserfiðleika

Lagt var fram til kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt bréfi Reykjanesbæjar dags. 7. júlí 2016 til Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í erindi Reykjanesbæjar eru viðræður þær sem sveitarfélagið hefur átt við kröfuhafa

sveitarfélagsins reifaðar. Óskar sveitarfélagið eftir lengri fresti til að skila inn tilskyldum gögnum til Eftirlitsnefndarinnar, þar sem þeir þurfi lengri tíma til að ná þeim fjárhagslegu markmiðum, sem þeim beri að fylgja samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaganna.

4. Framlög vegna sérstakra verkefna

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt bréfi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 16. ágúst 2016 og drögum að samkomulagi um millifærslu fjármuna vegna miðlægs samnings um notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólum. Á fundinum lögðu gestir fram bakgrunnsupplýsingar til ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs dags. 26. ágúst 2016 til frekari útskýringar á útreikningi framlagsins.

Tryggvi Þórhallsson og Guðjón Bragason frá Sambandinu fóru yfir drög samkomulagsins milli Fjölís og mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Telja þeir að mikið hagræði felist í því fyrir sveitarfélögin ef Jöfnunarsjóður kæmi að greiðslu árlegs framlags fyrir hönd sveitarfélaganna til mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Með því fyrirkomulagi myndi sparast nokkur umsýslukostnaður í rekstri sveitarfélaganna vegna greiðslna fyrir notkun á höfundarréttarvörðu efni í skólastarfi. Framlagið myndi þannig falla undir sérstök verkefni sjóðsins í a lið 11. gr. reglugerðar nr. 960/2010.

Nefndin taldi að umsóknin félli frekar undir 1. tl. 8. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla nr. 351/2002 þar sem að lang mestu leyti er um að ræða höfundarréttarvarið efni í grunnskólum.

Nefndin samþykkti að gera tillögu til innanríkisráðherra um aðkomu Jöfnunarsjóðs að samkomulagi um millifærslu fjármuna vegna miðlægs samnings um höfundarréttarvarið efni í grunnskólum með greiðslu framlags allt að 20 m.kr.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

5. Framlög ársins 2017

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 varðandi stöðu mála vegna útreiknings framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk fjárhagsárið 2017.

Fram kom að vinna við kostnaðargreiningu vegna rekstrarforsendna á þjónustusvæðunum væri í gangi en að upplýsingar frá þjónustusvæðum hefðu borist frekar seint. Unnið sé að því að koma viðamiklum upplýsingum frá svæðunum inn í reiknilíkan sjóðsins svo unnt verði að hefja vinnu við útreikninga áætlaðra framlaga ársins 2017.

6. Viðbótarframlög 2016

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 varðandi viðbótarframlög 2016 vegna málefna fatlaðs fólks sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 179/2016. Á síðasta fundi nefndarinnar þann 24. júní sl. var samþykkt tillaga um úthlutun 300.000.000 kr. aukaframlags. Nú er ljóst að svigrúm er til að hækka það framlag í 500.000.000 kr. samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins árið 2016.

Nefndin ákvað að birtir yrðu útreikningar á næsta fundi sem tækju mið af 200.000.000 kr. hækkun á úthlutun framlagsins.

7. Innra eftirlit með þjónustu við fatlað fólk

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt bréfi Hafnarfjarðarkaupstaðar dags. 27. maí 2016. Um er að ræða ítrekaða beiðni Hafnarfjarðarkaupstaðar um framlag vegna innra eftirlits með þjónustu við fatlað fólk árið 2016. Ráðgjafarnefnd hafði frestað afgreiðslu erindisins í ljósi þess að kostnaður vegna verkefnisins 2016 lá ekki fyrir. Í erindinu liggja umbeðnar upplýsingar fyrir og nemur kostnaður vegna þjónustunnar samtals 6.300.329 kr.

Nefndin samþykkti að greiða Hafnarfjarðarkaupstað framlag að upphæð 6.300.000 kr. vegna eftirlits með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk árið 2016, sbr. 1. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016.

8. Ráðstefna um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA)

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt minnisblaði velferðarráðuneytisins dags. 18. ágúst 2016 um ráðstefnu verkefnisstjórnar um NPA. Á ráðstefnunni er ætlunin að kynna afrakstur vinnu þeirrar sem unnið hefur verið að í þau fimm ár sem verkefnið NPA hefur verið starfrækt. Velferðarráðuneytið áætlar kostnaðinn við ráðstefnuhaldið verða um 950.000 kr. og óskar eftir þátttöku Jöfnunarsjóðsins við þessi tímamót, en tilraunátímabili NPA verkefnisins lýkur um áramótin.

Nefndin samþykkti kostnaðarþátttöku upp að 500.000 kr. vegna ráðstefnunnar, sbr. 1. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 179/2016.

9. Skálatún

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt erindi Mosfellsbæjar dags. 19. ágúst 2016 um málefni Skálatúns, til kynningar.

Í erindi sveitarfélagsins kemur fram að rekstur Skálatúns sé erfiður enda sé sérstaða heimilisins er varðar innri sem ytri þætti mjög bindandi og valdi því að rekstraráætlanir verða óraunhæfar. Þar sem komið sé að endurnýjun þjónustusamningsins veltir sveitarfélagið fyrir sér hvort stjórnarsýslulegri stöðu og rekstri Skálatúns sé ekki betur borgið undir væng velferðarráðuneytisins. Fari það hins vegar svo að samningurinn verði endurnýjaður sé óhjákvæmilegt að endurmeta eða skoða nýja valkosti svo fjárhagslegt svigrúm skapist til að standa undir nauðsynlegum og raunhæfum kostnaði við rekstur heimilisins.

10. Framlög til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts 2015

Fjallað var um leiðréttingu framlaga til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2015 vegna ofgreiðslu framlaga til Akureyrarkaupstaðar þar sem álagningarhlutföll á A-stofni fasteignaskatts voru röng við útreikning framlagsins.

Ákveðið var að fresta málinu þar til uppreikningur framlaga frá ríki vegna ársins 2015 liggur fyrir.

11. Framlög til eflingar tónlistarfræðslu

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 ásamt reglum um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnámi og jöfnunar á aðstöðumun nemenda, vinnureglum um úthlutun framlaganna og kynningu á nýju reglunum.

Guðjón Bragason frá Sambandinu fór yfir helstu atriði í nýjum reglum sjóðsins vegna tónlistarskólanna. Sagðist hann hafa fundið fyrir miklum stuðningi við nýju reglurnar þegar hann kynnti þær fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Eftir umfjöllun samþykkti nefndin nýjar reglur Jöfnunarsjóðs um framlög til eflingar tónlistarnámi.

Starfsmaður sjóðsins lagði fram til kynningar áætlun framlaga til eflingar tónlistarnámi fyrir skólaárið 2016/2017. Farið var yfir forsendur og útreikning framlaganna.

Eftir umfjöllun samþykkti nefndin áætlun framlög til eflingar tónlistarnámi fyrir skólaárið 2016/2017 sbr. reglugerð nr. 23/2013.

12. Heildarendurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs dags. 25. ágúst 2016 varðandi skipan í nefnd sem hefur það hlutverk að gera endanlegar tillögur um fyrirkomulag nýrra aðferða við jöfnun á útgjaldaþörfum og tekjumöguleikum sveitarfélaga. Innanríkisráðherra hefur nú skipaði eftirtalda einstaklinga í nefndina :

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri og jafnframt formaður, tilnefndur af innanríkisráðherra,
Guðný Sverrisdóttir, formaður ráðgjafanefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, tilnefnd af innanríkisráðherra,
Ásta Stefánsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Stefán Eiríksson, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Sigurður Á. Snævarr, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga,
Guðrún Ögmundsdóttir, sérfræðingur, tilnefnd af fjármála- og efnahagsráðuneytinu,
Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

13. Önnur mál

Rætt var um umfjöllunarefni á ársfundi Jöfnunarsjóðs sem fram fer þann 21. september auk ýmisra praktískra atriða.

Næsti fundur nefndarinnar ákveðinn 21. september 2016 kl. 10:00 í ráðuneytinu.

Næstu fundir ráðgjafarnefndar ákveðinir 21. og 28. október 2016 kl. 12:00.

Fundi var slitið kl. 15:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásgerður Gylfadóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Karen E. Halldórsdóttir

Sigríður Huld Jónsdóttir

Valdimar O. Hermannsson